

Alþingi
Erindi nr. P 135/1876
komudagur 26. 3. 2008

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 26. mars 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum, nr. 76/2001, 401 mál.


Segja má að frumvarpið kveði á um þrjúþættar breytingar á nefndum lögum. Í fyrsta lagi er um breyttar, yngri tilvísanir í tilskipanir bæði Evrópuráðsins og Evrópuþingsins að ræða, sem fjalla um lágmarksþjálfun sjómanna.

Í öðru lagi er um að ræða tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins um gagnkvæma viðurkenningu á alþjóðlegum skirteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út í samræmi við STCW samþykktina.

Og í þriðja lagi lögbinding ISM kóðans sem hefur að geyma alþjóðareglur IMO sem kveður á um að skip og útgerðir þeirra lúti sérstöku öryggisstjórnunarkerfi með það að markmiði að auka og bæta öryggi í siglingum og koma í veg fyrir atvik sem leitt geta til mengunar hafs og stranda.

Þar sem ekki verður annað séð en að nefndar breytingar á lögum nr. 76 frá 2001 miði að auknu öryggi bæði sjómanna og skipa ásamt skýrari reglum um umhverfisvernd leggur VM til að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. VM – Félags veltjóra og málmtæknimanna



Helgi Laxdal, varaformaður VM.